Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

13. árg. 2004 3. tbl.

SIGURÐUR BLÖNDAL, FYRRVERANDI SKÓGRÆKTARSTJÓRI, ÁTTRÆÐUR

BÓK UM EINN ÞEKKTASTA GARÐ Á LANDINU

HAUSTFERÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS GARÐABÆJAR

STUÐNINGUR VIÐ SKÓGRÆKT FRÁ SVISSNESKUM ÍSLANDSVINI

NÝTT SVÆÐI OPNAÐ Í VERKEFNINU „OPINN SKÓGUR“

FERÐ STJÓRNAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS UM VESTURLAND

SKÓGUR Í JARLHETTUM

EIGI SKAL HÖGGVA!

FRÆBANKINN Á HAMRI Í NOREGI HEIMSÓTTUR

SKÓGRÆKTARBARÁTTU-KONAN WANGARI MAATHAI FRÁ KENÝU FÆR FRIÐARVERÐLAUN NÓBELS

JÁKVÆTT VIÐHORF ÍSLENDINGA TIL SKÓGRÆKTAR

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

MIXA • fít

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

www.vinbud.is

HOLDUM LANDINU HREINU

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flöskum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

ALCAN

KB BANKI

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800

TOYOTA

HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

olís
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

Tæknival

POKASJÓÐUR

STEYPUMÓT
FYRIR SUMARBÚSTAÐI



- Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn
- Smíðum eftir máli
- Fljót og góð afgreiðsla

Auglýsingastofa Þórhildar 1460.5

HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203



SIGURÐUR BLÖNDAL, FYRRV. SKÓGRÆKTARSTJÓRI, ÁTTRÆÐUR

Ráðstefnan "Þetta getur Ísland" á Hallormsstað 6. nóvember síðastliðinn.

Þann 6. nóvember var haldin fjölmenn ráðstefna á Hallormsstað í tilefni áttræðisafmælis Sigurðar Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóra.

Ráðstefnan kallaðist "Þetta getur Ísland" og var skipulögð sameiginlega af Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Landsamtökum skógareigenda, Héraðsskógum, Suðurlandsskógum, Vesturlandsskógum, Skjólskógum, Norðurlandsskógum, Austurlandsskógum og Landbúnaðarráðuneytinu.

Á ráðstefnunni voru flutt fjölmörg fróðleg erindi, sem tengjast skógum og skógrækt á Íslandi, bæði af innlendum og erlendum fyrirlesurum.

Við óskum Sigurði hjartanlega til hamingju með afmælið.

Afmælisbarnið, Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri, á ráðstefnunni "Þetta getur Ísland", ásamt eiginkonu hans Guðrúnu Sigurðardóttur og Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrv. forseta Íslands.

ÁGÆTI SKÓGRÆKTAFÉLAGI

Ert þú áskrifandi að Skógræktarritinu?

SÉRSTAKT ÁSKRIFTARTILBOÐ FYRIR FÉLAGSMENN

Félagsmönnum í skógræktarfélögum býðst sérstakt áskriftartilboð að Skógræktarritinu, glæsilegu tímariti um skóg- og trjárækt á Íslandi.

Nýir áskrifendur fá 5 síðustu ritin að verðmæti kr. 9.000,- heimsend án endurgjalds á meðan birgðir endast.

Áskrift að ritinu kostar síðan einungis kr. 1.790 (burðargjald innifalið).

Auðveldast er að senda okkur tölvupóst, skog@skog.is eða hringja í síma 551-8150.

GERIST ÁSKRIFENDUR AÐ SKÓGRÆKTARRITINU OG FYLGIST MEÐ ÞVÍ SEM ER NÝJAST Í SKÓG- OG TRJÁRÆKTARMÁLUM

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands,
13. árgangur, 3. tölublað 2004.
Gefið út í 7000 eintökum.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150, *heimasíða:* www. skog.is, *netfang:* skog@skog.is
Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur, *netfang:* jgp@skog.is.
Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, netfang: bj@skog.is

Hönnun og umbrot: Prentsmiðjan Viðey.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2004: Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.
Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður Yngvadóttir.
Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Páll Ingþór Kristinsson, Vilhjálmur Lúðvíksson.

Framkvæmdasjóður
Skrúðs

Bók um einn þekktasta garð á landinu



Á vegum Framkvæmdasjóðs Skrúðs er komin út dagbók séra Sigtryggs Guðlaugssonar, prófasts á Núpi í Dýrafirði; ***„Skrúður Á Núpi - græðsla og gróður í fjörutíu ár"***. Í bókinni segir hann frá tilurð garðsins tilgangi og uppbyggingu. Rakin er 40 ára ræktunarsaga garðsins og hvernig örgrýtisurð breytist í fallegan, gróskumikinn, eftirsóknaverðan yndisreit. Séra Sigtryggur gerði margvíslegar tilraunir með ræktun matjurta og vildi sýna fram á hvernig þekking á eðli ræktunar skilar sér í ávöxtum jarðar, sem allir geta nýtt sér til gagns og ánægju. Upprunarlegur texti Sigtyggs, sem byggir á dagbókum hans, er meginefni bókarinnar en auk þess er bókin prýdd fjölda gamalla og nýrri ljósmynda, teikninga og skýringatexta. Hér er á ferðinni fróðleg og falleg bók fyrir alla ræktunarmenn.

Þeir sem hafa áhuga á að styrkja sjóðinn og eignast bókina geta haft samband við; Garðyrkjufélag Íslands í síma 552-7721 eða Skógræktarfélag Íslands í síma 551-8150 eða Skógræktarfélag Dýrafjarðar í síma 456-8201.

Einnig er hægt að eignast bókina með því að greiða inn á eftirfarandi reikningsnúmer: 1175-26-757 kt. 500698-2179. Þeir sem styrkja sjóðinn með kr. 4.000,- lágmarksupphæð fá bókina senda í pósti að gjöf.

Öll framlög munu renna óskipt í Framkvæmdasjóð Skrúðs til uppbyggingar og viðhalds á garðinum.

Aðalsteinn Eiríkisson afhendir Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrv. forseta, fyrsta eintak bókarinnar um Skrúð. Í baksýn til vinstri er Þröstur Sigtryggsson, fyrrverandi skipherra hjá Landhelgisgæslunni og sonur sr. Sigtryggs.

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

Reykjavík
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Dagvist barna, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Feró ehf, Steinaseli 6
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Garðyrkjudeild Reykjavborgar, Skúlatúni 2
Grásteinn ehf, Neshaga 5
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
HB Grandi hf, Norðurgarði 1
Hugver ehf, Vitastíg 12
Íslandsferðir ehf, Lágmúla 4
Ísól ehf, Ármúla 17
Ístak hf, Engjateigi 7
Johan Rönning hf, Sundaborg 15
Landslag ehf, Þingholtsstræti 27
Meistarafélag húsasmiða, Skipholti 70
Námsflokkar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1
Plastprent hf, Fosshálsi 17-15
PricewaterhouseCoopers ehf, Skógarhlíð 12
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Reykjavíkurhöfn, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Securitas hf, Síðumúla 23
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Samgönguráðuneytið
Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Skúlagötu 19
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Veiðimálastofnun, Vagnhöfða 7
Verðbréfastofan hf, Suðurlandsbraut 18
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Kringlunni 7
Vélamiðstöð ehf, Gylfaflöt 9
Vélaver hf, Lágmúla 7
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þór Snorrason, skrúðgarðyrkjumeistari, Hverafold 32

Seltjarnarnes
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur
Blikksmiðja Einars ehf, Smiðjuvegi 4b
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
Goldfinger, Smiðjuvegi 14
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kynnisferðir ehf, Vesturvör 6
Landmótun, Hamraborg 12

Hafnarfjörður
Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar, Hringhellu 9

Keflavík
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Grindavík
Stakkavík ehf, Bakkalág 15b

Garður
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Mosfellsbær
Mottó ehf, Flugumýri 24
Reykjabúið hf, Suðurreykjum 1

Akranes
Hönnun hf, Stillholti 16-18
Markstofa ehf, Merkigerði 18
Skilmannahreppur, Innrimel 2
Skógræktarfélag Akraness, Jörundarholti 122

HAUSTFERÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS GARÐABÆJAR

Séð yfir ungskóginn að Galtalæk.

Hin árlega fræðslu- og skemmtiferð Skógræktarfélags Garðabæjar var farin í sjöunda skiptið laugardaginn 11. september 2004, í boði félagsins. Að þessu sinn var farið austur í Ölfus og um Bláskógarbyggð.

Fyrsti viðkomustaður var að Straumi í Árbæ á vesturbakka Ölfusár, þar sem við heimsóttum Hildi Hákonardóttur og Þór Vigfússon. Við gengum með Hildi um skógarreit, þar sem hún kynnti meðal annars upphaf skógræktar föður hennar, Hákonar Guðmundssonar. Hákon var formaður Skógræktarfélags Íslands 1961-1972 og í haust var þess minnst að 100 ár voru liðin frá fæðingu hans. Skógræktarskilyrði í mýrlendinu á bökkum Ölfusár voru og eru erfið, en nú er þar skjól í skóginum.

Að Árbæ, skammt frá, býr listamaðurinn Guðjón Kristinsson, sem sýndi okkur höggmyndir unnar úr rekaviði. Félagarnir skemmtu sér mjög við að skoða kynjaverur sem allar eiga sína sögu. Um hádegi var áð í Þrastaskógi, í nýjum skála Ungmennafélagsins, með útsýni yfir Sogið. Næst heimsóttum við skógarbændurna að Galtalæk í Biskupstungum, Agnesi Geirdal, Guðfinn Eiríksson og Njörð Geirdal og Sigurbjörgu Snorradóttur, sem byrjuðu skógrækt 1989, sama ár og okkar félag hóf gróðursetningar. Þau gengu með okkur um vöxtulegan nýskóginn sem geymir fjölda tegunda trjáa. Að Galtalæk væri gaman að koma eftir svo sem fimm ár, til að fylgjast með vexti skógarins.

Því næst var farið til Hólmfríðar Geirsdóttur og Steinars Jensen á Gróðrastöðinni Kvistum. Þau framleiða skógarplöntur, eingöngu í fjölpottabökkum og er stærsti viðskiptavinurinn Suðurlandsskógaverkefnið sem kaupir plöntur samkvæmt útboði. Hólmfríður fræddi okkur um margt mjög áhugavert. Í stöðinni eru sérstaklega glæsilegar plöntur og snyrtimennskan er framúrskarandi.

Að lokum heimsóttum við Gróðrarstöðina Espiflöt. Þar rækta Sveinn Sæland og Áslaug Sveinbjörnsdóttir blóm til afskurðar á markaðinn. Þvílík augnayndi, blóma- og litadýrð! Gengið var á milli gróðurhúsa með þeim hjónum og fræðst um ræktun og sveitarstjórnarmál í Bláskógarbyggð.

Þetta var góður endapuntur á velheppnaðri ferð. Þátttakendur, sem voru um 40, þakka fyrir móttökur, góðgerðir og veðurguðunum fyrir fallegt haustveður.

Í heimsókn að Árbæ hjá listamanninum Guðjóni Kristinssyni.

Erla Bil Bjarnardóttir,
formaður Skógræktarfélags Garðabæjar.

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Laugaland hf, Laugalandi
Skorradalshreppur, Grund

Ísafjörður
Ásel ehf, Seljalandsvegi 100
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Netagerð Vestfjarða hf, Grænagarði

Bolungarvík
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Patreksfjörður
Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Brunnum 6
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður
Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37
Miðvík ehf, Túngötu 44

Skagaströnd
Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15

Siglufjörður
Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24

Akureyri
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34

Grímsey
Grímseyjarhreppur, Eyvík

Dalvík
Daltré ehf, Grundargötu 9

Húsavík
Alli Geira hf, Garðarsbraut 50
Garðyrkjustjóri Húsavíkur, Ketilsbraut 9
Knarrareyri ehf, Garðarsbraut 18a
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6

Laugar
Ferðaþjónustan Narfastöðum ehf, Narfastöðum
Þingeyjarsveit, Kjarna

Kópasker
Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

Þórshöfn
Þórshafnarhreppur, Langanesvegi 2

Egilsstaðir
Bókasafn Héraðsbúa, Laufskógar 1
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Laufskógum 1
TF-hús, Kauptúni 1 Fellabæ
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Selási 15

Neskaupstaður
Tónspil, Hafnarbraut 17

Breiðdalsvík
Óskaup ehf, Ásvegi 19

STUÐNINGUR VIÐ SKÓGRÆKT FRÁ SVISSNESKUM ÍSLANDSVIN

Sannkallaður Íslandsvinur Thomas Seiz, sem undanfarin ár hefur komið til landsins og ferðast víða m.a. flogið hér um landið í loftbelg, fyrirhugar að koma hingað á næsta ári og fljúga þá yfir Langjökul. Það er svo sem ekki í frásögur færandi að ævintýramenn af ýmsu sauðarhúsi sæki landið heim en þessi ágæti maður hefur umfram aðra stutt við bakið á tveimur skógræktarfélögum um 6 ára skeið; á Patreksfirði og í Breiðdal. Með því hefur hann viljað leggja sitt af mörkum til bætts umhverfis á Íslandi. Á liðnu sumri bættist nýtt skógræktarfélag við sem hann hefur ákveðið að styrkja til góðra verka; Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga. Thomas ákvað að þeim fjármunum sem hann leggur Skógræktarfélagi Norður-Þingeyinga til verði varið á Þórshöfn, í samráði við félagið, til að efla útivistarskóg í næsta nágrenni við bæinn. Félagið hefur undanfarin ár verið að vinna að því verkefni en með þessu nýja framlagi mun starfið eflast enn meir. Þess má geta að Thomas stundar nú íslenskunám og hefur komist töluvert áleiðis í því að tileinka sér málið.

Thomas Seiz á Patreksfirði ásamt Eiði Thoroddsen t.h. formanni Skógræktarfélagsins á Patreksfirði, virða fyrir sér trjágróður ofan byggðarinnar. Þar hefur fjárstyrkur skilað félaginu miklum árangri eins og sést á meðfylgjandi mynd, sem tekin var í júlí s.l. Mynd BJ

SUMARHÚSAEIGENDUR!

AUKUM ÖRYGGI - FYRIRBYGGJUM TJÓN

Nú er vetur genginn í garð og við minnum á að loka fyrir allt vatn til að koma í veg fyrir frostskemmdir og vatnstjón.

- **Skrúfum fyrir vatnsinntak**
- **Setjum frostlög í vatnslása á vöskum og salernum**

Það er gullin regla að loka **ávallt** fyrir inntak neysluvatns í sumarhús þegar það er yfirgefið, jafnt sumar sem vetur.

TM ÖRYGGI

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN - Þegar mest á reynir! - SÍMI 515 2000 - tm@tmhf.is - www.tmhf.is

SKEMMTILEGUR BEKKUR

Umhverfis Þingeyri er nú stunduð umfangsmikil skógrækt. Af framsýni var þar girt gríðarstórt land fyrir rúmum áratug. Skógræktarfélag Dýrafjarðar hefur þar, ásamt ýmsum öðrum, gróðursett margar trjáplöntur sem eru núna að komast í góðan vöxt. Nærri þjóðveginum, skammt frá Þingeyri, er þessi skemmtilegi bekkur. Hann er smíðaður utan um stórt grettistak sem um leið myndar bakið fyrir þá sem tylla sér. Í fjarska sést Dýrafjarðarbotn, en þar er Skógræktarfélag Dýrafjarðar einnig með fallegt skógræktarsvæði sem við hjá Laufblaðinu viljum hvetja ferðalanga að heimsækja er þeir fara um Vestfirði.

Selfoss
Búnaðarfélag Villingaholtshrepps, Hurðabaki
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Eyvindartunga ehf, Eyvindartungu
Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Samband garðyrkjubænda, Reykjum

Þorlákshöfn
Auðbjörg ehf, Óseyrarbraut 18
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Eyrarbakki
Búnaðarfélag Eyrarbakkahrepps, Sandi

Laugarvatn
Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Flúðir
Flúðafiskur, Borgarási
Gróðrastöðin Hvammi 2

Hella
Sæberg ehf bifreiðaverkstæði, Lyngási
Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur
Byggðarsafnið í Skógum
Krappi ehf, byggingaverktakar, Ormsvöllum 5

Vík
Byggingafélagið Klakkur ehf, Smiðjuvegi 9

Kirkjubæjarklaustur
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

Vestmannaeyjar
Garðyrkjustjóri Vestmannaeyjabæjar,
Áhaldahúsinu við Heiðarveg

NÝTT SVÆÐI OPNAÐ Í VERKEFNINU “OPINN SKÓGUR”

OPINN SKÓGUR

Sólbrekkuskógur á Reykjanesi

Þann 4. september sl. var athöfn í skóginum í Sólbrekkum, við Seltjörn á Suðurnesjum, í tilefni samstarfsverkefnisins "*Opinn skógur*".

Skógurinn liggur í alfaraleið, vestan Grindavíkurvegar, skammt frá gatnamótum við Reykjanesbraut. Hann er vinsæll til útivistar og mikið sóttur af Suðurnesjamönnum. Á svæðinu hefur verið unnið að stígagerð og komið fyrir skiltum, borðum, bekkjum og merkingum á helstu trjátegundum sem eru í skóginum. Á síðustu árum hefur mikið verið gróðursett umhverfis eldri skógarreitinn og er árangur þegar að koma í ljós. Vafalaust á svæðið eftir að verða enn eftirsóttara og hefur alla burði til þess að taka við enn fleiri gestum.

Opnun skógarins tengdist dagskrá Ljósanætur í Reykjanesbæ og var dagskráinni í skóginum háttað í samræmi við það. Hátíðargestur dagsins, Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra, opnaði skóginn með því að tendra á „ljósafossi“ eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Heimamaðurinn, Rúnar Júlíusson, fór einnig á kostum í tónlistarflutningi. Fékk hann gesti til að taka lagið svo undir tók í skóginum. Rétt er að geta nýútgefins upplýsingabæklings um Sólbrekkuskóg og er hann að finna við inngang skógarins. Þar er í máli og myndum lýst landslagi, gróðri, örnefnum og sögu. Bæklingurinn er einnig fáanlegur á afgreiðslustöðvum Olís á Suðurnesjum

Skógurinn var opnaður með viðeigandi ljósadýrð í tengslum við Ljósahátíð í Reykjanesbæ.

Rúnar Júlíusson sá um að skemmta gestum.

Í Sólbrekkuskógi er búið að byggja upp glæsilega útivistaraðstöðu.

Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og fyrirtækjanna Olís og Alcan á Íslandi og er þetta þriðja árið sem verkefnið hefur unnið að bættu aðgengi í skóglendum skógræktarfélaganna, ásamt því að efla upplýsingar um náttúru, sögu og lífríki viðkomandi svæðis.

FERÐ STJÓRNAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSL

Í sumar fór stjórn Skógræktarfélags Íslands í sína árlegu kynnisferð á vettvang skógræktarfélaganna. Að þessu sinni voru þrjú skógræktarfélög á Vesturlandi sótt heim, Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Skógræktarfélag Akraness og Skógræktarfélag Skilmannahrepps.

Við Akranes er fallegur skógarlundur sem nefnist Garðalundur. Svæðið er nú fjölsótt útivistarsvæði. Hér er Sverrir Jónsson, frá Skógræktarfélagi Akraness, á göngu í skóginum. Á eftir honum koma þeir Hrafnkell Proppé, umhverfisfulltrúi Akranesbæjar og Þorvaldur S. Þorvaldsson, ritari Skógræktarfélags Íslands.

Í Garðalundi er þetta snyrtilega grill.

Ofan við Akranes hafa hjónin Guðmundur Guðjónsson og Rafnhildur Árnadóttir stundað skógrækt og náð frábærum árangri. Hér eru hjónin ásamt þeim Þorvaldi S. Þorvaldssyni, Hólmfríði Finnbogadóttur, Magnúsi Jóhannessyni og Vilhljálmi Lúðvíkssyni.

Skógræktarfélag Akraness hefur stundað skógrækt á svæðinu Slögu í hlíðum Akrafjalls. Hér eru Barbara Davis formaður og Stefán Teitsson, fyrrv. formaður, Skógræktarfélags Akraness, að kynna gestum framkvæmdirnar í Slögu. Sinubrunar hafa verið mikið vandamál á þessu svæði.

Landslagið er fallegt í Slögu, skógræktarsvæði Skógræktarfélags Akraness. Birkið vex vel í hlíðum Akrafjallsins.

Ofan við Borgarnes er skógur sem fáir vita um. Kallast það svæði Einkunir sem er gamalt örnefni og m.a. nefnt í Egilssögu. Uppi eru áform um að stækka skóginn og bæta aðgengi. Hér er hópurinn ásamt fulltrúum Borgarbyggðar og Skógræktarfélags Borgarfjarðar.

Kempan Ragnar Olgeirsson, í Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, hefur annast skógræktina í Holtsskógi, ofan Borgarness, frá upphafi Landgræðsluskógaverkefnisins. Þar er nú að vaxa upp fallegur skógur á um 25 hekturum lands.

Við norðanvert Akrafjall hefur Skógræktarfélag Skilmannahrepps stundað skógrækt með afar góðum árangri. Hér fylgir Oddur Sigurðsson, formaður félagsins, gestum um skóginn. Bergfuran er frá fyrstu árum Landgræðsluskógaverkefnisins.

ANDS UM VESTURLAND

Skógræktarfélag Skilmannahrepps hefur komið sér upp góðri aðstöðu í skóginum.

Sr. Geir Waage sýnir hér Gunnari Má Haukssyni, Ágústi Árnasyni og Jenna Kr. Ólasyni, formanni Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Snorralaug.

Í garði sr. Geirs í Reykholti vex forkunnarfögur hengibjörk sem gestir dást hér að.

Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Borgarbyggð og Eiríkur Ólafsson bæjarritari sýndu gestum svæðið í Einkunum. Hér þakkar Magnús Jóhannesson formaður, Skógræktarfélags Íslands, þeim samfylgdina. Skógurinn í Einkunum sést í baksýn.

Þessi glæsilegi heggur stendur í Reykholti. Hegg þyrfti að gróðursetja miklu víðar.

Skógur í Jarlhettum

Laufblöðungur ferðaðist nokkuð um hálendi Íslands í sumar og m.a. að Hagavatni. Það er e.t.v. ekki fréttnæmt fyrir utan það að við skála Ferðafélags Íslands, skammt neðan við Hagavatn, í jaðri Jarlhettu-fjallagróðursins vaxa tvær ljómandi fallegar alaskaaspir í um 450 m.h.y.s. Aspirnar eru orðnar jafn háar skálanum og líta ljómandi vel út. Skammt frá skálanum má einnig sjá slitrur af girðingu. Gaman verður að fylgjast með öspunum í framtíðinni, því að spurningum um hvar skógarmörkin á Íslandi liggja fyrir ösp eða lerki hefur ekki verið svarað. Vísbendingar eins og þessi gefa hins vegar margt til kynna.

Eftir nokkra eftirgrennslun fékk Laufblöðungur upplýsingar hverjir hefðu verið þarna að verki. Þeir eru Ólafur Sigurgeirsson, lögfræðingur og Jón Birgir Jónsson tannlæknir. Laufblöðungur hafði tal af þeim félögum og sögðu þeir tilgang þeirra hafa verið tvíþættan; að græða upp melabörð og sandfláka við skálann og að kanna hvort hægt væri að koma hér upp trjágróðri. Aspirnar tvær, sem nú eru orðnar svo pattaralegar, voru gróðursettar 1989 en reiturinn var girtur af tveim árum síðar og þá gróðursettar ýmsar tegundir, s.s lerki, birki og greni. Þar virðist lerki bera af en grenið hefur að mestu leyti horfið.

Það má segja að tilraunir þeirra félaga hafi í heppnast mjög vel. Svæðið virkar á ferðalanga eins og sannkölluð vin í eyðimörkinni. Enn myndirnar segja meira en mörg orð.

Landgræðsla ríkisins

EIGI SKAL HÖGGVA!

EINUNGIS 4% ÞJÓÐARINNAR VILL BARRVIÐINA Á ÞINGVÖLLUM BURTU

Á dögunum framkvæmdi Gallup skoðanakönnun á viðhorfum almennings til skóga og skógræktar í landinu eins og getið er um hér annarsstaðar í blaðinu. Úrtakið var 2000 manna slembiúrtak og svöruðu 1186. Ein spurningin var um afstöðu almennings til barrtrjáa á Þingvöllum.

Í svörum skiptist þjóðin í þrjá nokkurn veginn jafnstóra hópa og einn mun minni:
35% hafði ekki skoðun á málinu, 33% taldi að þyrma ætti þeim barrtrjám sem þegar væru á Þingvöllum en að ekki bæri að gróðursetja fleiri, 28% taldi að barrtré mættu vera á Þingvöllum til frambúðar. **Aðeins 4% svarenda taldi að útrýma ætti barrtrjám á Þingvöllum.**

Þessi skoðanakönnun gefur afdráttarlaus skilaboð um skoðun almennings í landinu til þeirra sem eru að vinna að framtíðarskipulagi Þingvalla.

FRÆBANKINN Á HAMRI Í NOREGI HEIMSÓTTUR

Í bænum Hamri í Austur-Noregi er rekinn myndarlegur fræbanki. Forstöðumaður bankans er Öyvind Meland Edvardsen skógfræðingur. Öyvind starfaði til margra ára á Rannsóknastöð Skógræktar ríkinsins á Mógilsá og er kvæntur Sigrúnu Sigurjónsdóttur skógfræðingi og fyrrverandi framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga. Laufblöðungur heimsótti þau hjónin í vetur, skoðaði bankann og ræddi við Öyvind.

Hver er saga fræbankans?

Upphaf hans má rekja til stofnunar Hamar Klænganstalt árið 1885 sem hafði það markmið að sjá Austur-Noregi fyrir trjáfræi. Árið 1946 brann húsnæðið. Árið 1953 var „statens skogfröverk“ stofnað og fékk það hlutverk að sjá landinu öllu fyrir heppilegu trjáfræi. Á þeim tíma var það ein stærsta fræverkunarstöð fyrir trjáfræ í heiminum.

Lengst af starfaði bankinn sem ríkisstofnun en árið 1996 var rekstri bankans breytt í sjálfseignarstofnunina, „Stiftelsen. Det norske Skogfröverk“, og Norska skógræktarfélaginu falin rekstur hennar. Núna er bankinn því rekinn með sjálfstæðri stjórn og er formaður hennar Olav Kaveldiget, framkvæmdastjóri skógræktarfélagsins.



Fræbankinn er til húsa að Hamri í Austur-Noregi.

Hver eru helstu verkefni fræbankans?

Helsta verkefni hans er að tryggja framboð af heppilegu trjáfræi fyrir alla þá sem stunda skógrækt í Noregi. Bankinn sér um söfnun og verkun á fræi og rekur fræekrur víða í landinu. Í Hamri er rekin fræverkunarstöð, með fullkominni rannsóknaaðstöðu. Hægt er að fá nánari upplýsingar á heimasíðunni, www.skogfroverket.no Þar eru meira að segja upplýsingar á íslensku, en bankinn selur töluvert af fræi til íslenskra gróðrarstöðva. Á næsta ári mun öll netverslunin verða sett upp á íslensku til hagræðingar fyrir íslenska viðskiptavini bankans.

Þið sjáið öllum gróðrarstöðvum Noregs fyrir fræi. Hversu mikið er framleitt af plöntum í Noregi um þessar mundir?

Skógarplöntuframleiðsla hefur minnkað mikið í Noregi og um leið sala á trjáfræi. Þetta hefur gerst á sl. 15 árum og eru helstu ástæðurnar minna skógarhögg, gisnari gróðursetningar og aukin náttúruleg endurnýjun skóganna. Síðustu ár hefur og verið miklu minni opinber stuðningur við nýskógrækt. Fjöldi gróðursettra plantna er nú kominn niður í um 20 milljónir trjáplantna en var um 70 milljónir fyrir um 15 árum.

Á 50 ára afmæli Skógræktarfélag Íslands, árið 1980 gáfu Norðmenn félaginu frægarð í Taraldsöy við vesturströnd Noregs. Fræbankanum á Hamri var falið að annast hann og að safna fræi þar. Hvernig er ástand frægarðsins?

Frægarðurinn var settur á laggirnar gagngert til að sjá Íslandi fyrir heppilegu trjáfræi og efniviðurinn valinn úr eldri skógarteigum á Íslandi. Á Taraldasöy eru frægarðar með 2 trjátegundum, sitkagreni og stafafuru og á nærliggjandi eyju er fræekra með fjallaþin. Sitkagrenið og stafafuran hafa gefið af sér heilmikið fræ undanfarin ár, en fjallaþinurinn ekki. Nú er svo komið að mikið af sitkagreninu er að verða úr sér vaxið og einnig er

Öyvind Melandsen er framkvæmdastjóri norska fræbankans.

minnkandi áhugi á fræinu. Því hefur ekki verið safnað sitkagrenifræi þar nýlega, og þá mun töluvert til á lager á Íslandi. Stafafuran er enn að gefa af sér gott fræ sem við sjáum um að safna og seljum íslenskum gróðrarstöðvum.

Íslendingar ráða framtíð fræekrunnar í Taraldseyju og mikilvægt er að komast að niðurstöðu um hvort menn telja enn þörf fyrir hana í íslenskri skógrækt. Væntanlega verður hægt að safna stafafuru- og sitkagrenifræi í nokkur ár enn.



Gróðursetning skógarplantna í Noregi árin 1942-2002

SKÓGRÆKTARBARÁTTUKONAN WANGARI MAATHAI FRÁ KENÝU FÆR FRIÐARVERÐLAUN NÓBELS

Í vetur veitti norska nóbelsverðlaunanefndin dr. Wangari Maathai frá Kenýu friðarverðlaun Nóbels. Þessi virtu verðlaun eru veitt Wangari Maathai fyrir framlag hennar til sjálfbærrar þróunar, lýðræðis og friðar.

Maathai hefur um árabil verið mikil baráttukona fyrir verndun og ræktun skóga. Skógum hefur verið eytt miskunnarlaust í Kenýu undanfarna áratugi. Samfelldir skógar þekja nú einungis um 2% landsins. Maathai stofnaði skógræktarhreyfingu í Kenya fyrir um 30 árum sem kallast "Green Belt Movement" og vinnur hreyfingin að gróðursetningu trjáa og umhverfisbótum í landinu. Í kjölfarið hefur Maathai síðan beitt sér fyrir stofnun skógræktarfélaga í fleiri Afríkuríkjum undir merkjum "Green Belt Movement".

Innan vébanda samtakanna í Kenýu eru nú 600 skógræktarfélög sem reka um 6000 litlar gróðrarstöðvar og hafa frá stofnun staðið fyrir gróðursetningu á um 30 milljónum trjáplatna. Hreyfingin er borin uppi af konum og langflestar þessara trjáplantna hafa verið gróðursettar á löndum smábænda víðsvegar um Kenýu.

Umhverfismál og nýting auðlinda eru samofin friði. Það ættum við Íslendingar auðvitað að þekkja þjóða best, en einu stríðin sem við höfum háð frá sjálfstæði voru auðlindastríð, Þorskastríðin. Í mörgum Afríkuríkjum er baráttan um yfirráð auðlinda einmitt víða undirrót ófriðar og auk þess veldur ofnýting þeirra oft ófriði og hörmungum.

Jón Geir Pétursson, skógfræðingur SÍ, er nýkominn frá Kenýu, þar sem hann kynnti sér skóga og skógrækt. Hér eru nokkrar svipmyndir, frá Trans-zoia héraði í Vestur-Kenýu, en skógræktarhreyfing frú Maathai hefur einmitt unnið á því svæði. Betur verður fjallað um nóbelsverðlaunahafann í næsta Skógræktarriti.



Skógum Kenya hefur verið eytt miskunarlaust og breytt í landbúnaðarland. Hér í Transzoia héraði í Kenya hefur hreyfing nóbelsverðlaunahafans hafist handa við að hvetja smábændurnar til þess að gróðursetja tré á jarðirnar til þess bæta lífsskilyrði þeirra og að draga úr ásókn þeirra í náttúruskóga svæðisins. (Mynd JGP).

Fólk í nágrenni skóganna er oft háð þeim sér til viðurværis. Í flestum ríkjum Afríku er nánast allur matur eldaður með trjávið. Því hefur það verið eitt helsta viðfangsefni græn-beltis hreyfingar Wangari Maathai að stuðla að gróðursetningu trjáa í þorpunum. Með því móti verður hægt að draga úr ágangi á náttúrulegu skóglendin, auk þess sem auðveldara er að sækja eldivið. Það er yfirleitt álitið kvenmannsverk og mikill tími og erfiði sem fer í að sækja þungar eldiviðarbyrðar í torgenga skóga. (Mynd, JGP).

Friðarverðlaunahafi Nóbels, árið 2004 er skógræktarkonan Wangari Maathai frá Kenya. Hún er nú aðstoðar-umhverfisráðherra í ríkisstjórn landsins. (Mynd JGP).

Fræðsluskilti á skógræktarsvæðum í Garðabæ

Skógræktarfélag Garðabæjar vill stuðla að útivist almennings og veita góðar upplýsingar um náttúruna. Félagið hefur því látið gera fræðsluskilti fyrir skógræktarsvæðin í Smalaholti og Sandahlíð, þar sem gróðursetningar hófust árin 1989 og 1994. Stjórnin hafði ákveðnar hugmyndir um hvaða upplýsingum hún vildi koma á framfæri til almennings um skógræktarsvæðin. Hvatinn að gerð skiltanna var fuglatalningaskýrsla sem Ólafur Einarsson fuglafræðingur og Jóhann Óli Hilmarsson, landskunnum fuglaljósmyndari, gerðu fyrir félagið á síðasta ári. Fuglatalningin í Smalaholti og Sandahlíð var gerð í samstarfi við Fuglaverndarfélag Íslands.

Jón Baldur Hlíðberg teiknari var fenginn til að hanna og útbúa náttúruskiltin. Hann er þekktur fyrir gerð fuglaskilta sem eru víða um land. Útgáfa skiltanna er í samstarfi við Jóhann Ísberg ljósmyndara. Allir þekkja teikningar Jóns Baldurs af fuglum landsins. Á þessu skiltum eru einnig sýndar helstu upprunalegu plönturnar á svæðunum.

Það eykur enn á gildi fræðsluskiltanna að þar er kort af svæðunum með göngu-leiðum og þjónustumerkjum. Kortið er unnið af teiknistofunni “Teikn á lofti” sem hannaði gagnvirkan kortavef á heimasíðu Garðabæjar. Sömu aðilar unnu að útgáfu korts í vasabroti, “Göngu- og hlaupaleiðir í Garðabæ 2004”. Á þeim kortum koma skógræktarsvæði félagsins fram sem útivistarsvæði.

Með kveðju frá stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar.

GRÓÐRARSTÖÐIN
STORÐ
Dalvegi 30 - Kópavogur
sími 564 4383 - fax 568 6691
stord@centrum.is

Girðir

TOYOTA

HÉRAÐSSKÓGAR

Skógræktarfélag Reykjavíkur

olís

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

JÁKVÆTT VIÐHORF ÍSLENDINGA TIL SKÓGRÆKTAR

Skoðanakönnun Gallup meðal almennings

Á dögunum lét Skógrækt ríkisins IMG Gallup framkvæma rannsókn með það að markmiði að kanna hug Íslendinga til skógræktar.

Niðurstöður rannsóknarinnar reyndust endurspegla mikinn stuðning þjóðarinnar við skógrækt, en allur þorri svarenda taldi hana hafa bæði jákvæð áhrif á landið og fólkið í landinu eða 92% svarenda. Þessar niðurstöður eru lyftistöng fyrir skógræktarstarfið og sýna að skógrækt er stunduð í sátt við allan þorra þjóðarinnar.

Þetta var símakönnun og slembiúrtak úr þjóðskrá, 2000 manns á aldrinum 18-75 ára af öllu landinu. Þeir sem svöruðu voru 1186 eða 63,9%. Hér koma nokkrar áhugaverðar niðurstöður úr könnuninni en þeir sem vilja skoða hana í heild geta nálgast hana á heimasíðum Skógræktarfélags Íslands www.skog.is eða Skógræktar ríkisins www.skogur.is.

Spurt var:
Hefur þú heimsótt skóg(a) á Íslandi á síðustu 12 mánuðum?



Spurt var:
Myndir þú vilja auka eða minnka skóga hérlendis eða finnst þér skóglendi hæfilegt?



Spurt var:
Hver er uppáhaldstrjátegund þín?



Heimild: IMG Gallup, 2004

SPM

SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA
til staðar fyrir þig

Garðyrkjuskóli ríkisins
Icelandic Horticultural College

Síberíuhús reist í Kjósinni

Í september 2002 kom listakonan Alexandra Kjuregej að máli við Viðarmiðlun í þeim tilgangi að fá unnin bolvið sem hún væri að fá sendan í gámi frá heimahögunum í Jakuti í Síberíu. Um var að ræða 6 m langa furuboli sem voru 40 sm sveririr og áttu að fara í að reisa hús á lóð sem hún var búin að fá í landi Neðri- Hálss í Kjós.

Alexandra hafði fengið töluvert magn af þessum bolviði frá heimasveitarfélaginu sínu þar sem hún fæddist og ólstu upp.

Frændur hennar gengu til skógar, felldu trén og komu viðnum í gám sem sendur var til Íslands í þeim tilgangi að byggja nákvæma eftirlíkingu af þeim húsum sem byggð voru í heimahögum Kjuregej í aldaraðir.

Frændurnir komu síðan til landsins, reistu grindina og kenndu Ragnari syni Kjuregej og vini hans Ólafi gömlu byggingaraðferðirnar og notuðu til þess handverkfæri, mest axir og keðjusagir.

Grindin er smíðuð úr heilum bolum og efni í veggjum og þaki er flett í hálft og snyrt á köntunum svo það falli betur saman.

Með furunni og örlitlu af lerki sem fylgdi farminum er notað sitkagreni frá Stálpastöðum í Skorradal. Verið er að leggja síðust hönd á bygginguna sem er um 40 m² að stærð. Síðasta sendingin af grenibolum kemur innan skamms úr Skorradalnum og verður því efni flett hjá Viðarmiðluninni. Eins og sést á myndinni eru veggirnir mjög þykkir og halla útveggirnir inn að ofan. Ítarlegar verður fjallað um byggingarferlið í Laufblaðinu síðar.

Mynd og texti: Ólafur Oddsson

Ragnar sonur Kjuregej er lengst til vinstri, þá Ólafur vinur hans og síðan frændurnir tveir sem felldur trén og fylgdu þeim alla leið til Íslands.

FORSÍÐUMYNDIN

Forsíðumyndin að þessu sinni er tekin á Ingunnarstöðum í Brynjudal í Hvalfirði. Þar ræktar Skógræktarfélag Íslands jólatré. Undanfarin ár hefur verið vinsælt fyrir hópa að koma í skóginn og höggva sitt eigið jólatré og koma fjölmargir fyrirtækjahópar þeirra erinda í skóginn á aðventunni. Myndin er tekin þegar starfsmenn Toyota heimsóttu skóginn en þetta er 10 árið sem þeir koma í jólaskóginn. Fjölmörg skógræktarfélög bjóða uppá svona heimsóknir, víðs vegar um land.

MJÓLKURBÚ MBF FLÓAMANNA

Morgunbladid

Glertækni ehf
Grænumýri 3a
270 Mosfellsbær
Sími 566 8888

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA SKÓGRÆKT Í LANDINU

BLÁSKÓGABYGGÐ

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM

OSTA- OG SMJÖRSALAN SF.

PENNAN

Áburðarverksmiðjan

PRICEWATERHOUSECOOPERS

BM·VALLÁ

SPARISJÓÐURINN

ÍSFUGL

FÍ FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

KÓPAVOGUR

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!

Lánasjóður landbúnaðarins

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING